




Fundur með fjárlaganefnd

vegna fjármálaáætlunar 2018-2022

Áherslur Blönduóbæjar 2017





Atvinnuuppbygging á Norðurlandi vestra

Alþingi samþykkti þingsályktun þann 15. janúar 2014 um að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með uppbyggingu orkufreks iðnaðar s.s. gagnavers. Samstarfið byggir einnig á sameiginlegri yfirlýsingu sveitarfélaganna og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. október 2014, um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa með nýtingu raforku sem framleidd er í sýslunni.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, Blönduósbær, Skagabyggð, Skagaströnd, Skagafjörður, Húnavatnshreppur og Húnaþing vestra hafa unnið þétt saman að undirbúningi og uppbyggingu atvinnu og orkufreks iðnaðar á Hafursstöðum í Skagabyggð.

Hlutverk samráðsvettvangsins er að samþætta aðgerðir sveitarfélaganna í fjórðungnum til að takast á við undirbúning og uppbyggingu iðnaðarlóðar og stórskipahafnar við Hafursstaði í Skagabyggð. Jafnframt að hafa umsjón með uppbyggingu á iðnaðarlóðinni við Hafursstaði og uppbyggingu innviða og grunngerðar í nærliggjandi sveitarfélögum.

Blönduósbær hefur á undanförunum árum tekið þátt í að markaðssetja sveitarfélagið ásamt Íslandsstofu sem ákjósanlegan stað fyrir fyrir gagnaver. Nokkrir áhugasamir aðilar um uppbyggingu gagnavera hafa sýnt svæðinu áhuga á síðustu misserum. Ljóst þykir að svæðið hentar mög vel til uppbyggingar stærri gagnavera 20-50 MW gagnavera m.a. vegna:


- Svæðið fyrir utan eldvirkni-og jarðskjálftasvæða
- Nálægð við Blönduvirkjun
- Svæði skipulögð fyrir gagnavera
- Svæðin í eigu sveitarfélagsins

Ljóst er að mikil uppbyggingarþörf er á gagnaverum í heiminum í dag. Aðilar í gagnaversiðnaði eru sífellt að horfa meira til grænnar orku. Stórt atriði við ákvörðun um staðsetningu gagnavera er lítil náttúruvá. Af þeim sökum eru stórir gagnaversaðilar að horfa til Blönduós. Komi til þess að áhugi vaknar á fjárfestingu á svæðinu þá þurfa stjórnvöld að tryggja m.a. eftirfarandi:

- Næg orka
- Flutningur orkunnar
- Lúkning fjárfestingarsamnings

Blönduósbær er tiltölulega bjartsýnt á að gagnaversaðilar komi til með að horfa í meira mæli til Blönduós sem tilvalinn stað fyrir gagnaver. Hægt er að merkja slíkan áhuga nú þegar. Staðsetning gagnavers er mjög hagstæð fyrir Landsvirkjun.

Blönduósbær óskar eftir stuðningi við atvinnuuppbyggingu á svæðinu.



Sýslumannsembættið á Blönduósi (IMST)

Rekstrarvandi

Mikill rekstrarvandi er við sýslumannsembættið á Norðurlandi vestra eftir sameiningu sýslumannsembættanna á Blönduósi og Sauðárkróki og aðskilnaðinn við lögregluna sem átti að efla hið nýja embætti og styrkja.

Starfsmenn embættisins eru 24.

Rekstrarhalli frá sameiningu:

2014 kr. 6.5 m.kr. Neikvæður stofnefnahagur

2015 kr. 9.4 m.kr. Rekstrarhalli

2016 kr. 12.2 m.kr. Áætlaður rekstrarhalli

Samtals. kr. 28.1 m.kr.

Hlutfall launakostnaðar árið 2016 er áætlaður 85% af fjárveitingu. Frekari sveigjanleiki í rekstri er nær enginn. Samsetning embættisins og gerð, hár starfsaldur og mikill málafjöldi, útilokar fækkun starfsfólks án verulegrar hættu á mikilli röskun á þjónustu embættisins og miklu rekstrartapi fyrir ríkissjóð.

Sýslumannsembættið er „tekjuaflandi“ fyrir ríkissjóð. Færa má sterk rök fyrir því að embættið teljist afar „tekjuaflandi“ fyrir ríkissjóð með því að taka að sér innheimtu í málaflokkum sem áður voru í miklu ólestri, en á tæpum fjórum árum hefur IMST skilað verkefnum sínum samtals kr. 9.4 milljörðum í sértekjur til ríkissjóðs (hér eru verkefni innheimtumanna ríkissjóðs við skattinnheimtu ekki meðtalin)

Blönduósbær skorar á þingmenn kjördæmisins að rétta af rekstrarhalla Sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra.

Úrræði til tekjuaukningar ríkissjóðs og hagræðing og sparnaður í refsivörslukerfinu

Embættið hefur allt frá 2010, ásamt ríkisendurskoðun gert tillögur til IRR (áður DKM) um að efla þyrfti til muna úrræði til innheimtu sekta með launaafdrætti eins og gert er á öllum hinum Norðurlöndunum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel á hinum Norðurlöndunum og heyrir það til algjörra undantekninga að menn séu færðir í afplánun í fangelsi vegna ógreiddra sekta. Með slíkri breytingu má sterklega gera ráð fyrir að innheimtan myndi batna hér heima um a.m.k. tugi milljóna króna auk þess að hagræða og spara mikinn kostnað vegna afplánunar vararefsingar í fangelsum landsins. Segja má að biðlistar til afplánunar vararefsingar myndu svo til tæmast.



Vanskilainnheimta LÍN

Á síðustu árum hefur sýslumaðurinn á Blönduósi tekið að sér fjölbreytt innheimtuverkefni fyrir ríkið og hinar ýmsu stofnanir þess, s.s. Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og Fjármálaeftirlitið. Með þessu hefur embættið sérhæft sig í innheimtu ríkiskrafna og hefur þannig jafnt og þétt skapast verðmæt þekking meðal starfsmanna þess, jafnt um frum- milli- og löginnheimtu, héraendis sem erlendis.

Í framhaldi af útgáfu skýrslu norðvesturnefndar árið 2008 um fjölgun opinberra starfa á norðvesturlandi hófust viðræður milli embættis sýslumannsins á Blönduósi og menntamálaráðuneytisins um vanskilainnheimtu fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Þótti nefndinni innheimta LÍN falla vel að markmiðum skýrslunnar en viðræðurnar, sem fóru fram á árunum 2008-2010, skiluðu þó ekki tilætluðum árangri. Embættið er í stakk búið til þess að taka að sér aukin verkefni sem byggja á þeim tækjabúnaði, aðstöðu og þekkingu sem þegar er til staðar. Innheimta fyrir LÍN er talin geta fallið sérstaklega vel að þeim innheimtuverkefnum sem fyrir eru.

Vanskilainnheimta fyrir LÍN hefur fram að þessu verið falin einkaaðilum með ærnum kostnaði fyrir skuldara og stofnunina. Hlýtur að vera eðlilegt að velta upp þeirri spurningu hvort slíkt sé nauðsynlegt þegar sambærileg sérhæfing á sviði innheimtumála hefur skapast innan tiltekinnar stofnunar ríkisins. Við flutning innheimtunnar til sýslumannsins á Blönduósi yrði ekki aðeins nýtt fyrirliggjandi þekking og reynsla starfsmanna heldur myndi einnig draga verulega úr þeim kostnaði sem skuldarar hljóta af innheimtunni. Lágmarkun kostnaðar, án þess að dregið sé úr gæðum innheimtu eða kröfuhafi beri tjón af, hlýtur að vera markmið útaf fyrir sig. Að sama skapi hlýtur það að vera í anda þeirra gilda sem sjóðurinn er reistur á að innheimta krafna hans fari fram með eins litlum kostnaði fyrir skuldara og mögulegt er á hverjum tíma. Þá þykir lágmarkun kostnaðar við innheimtu einnig samrýmast fyrirhuguðum breytingum á námslánakerfinu sem miða að því að bæta hag lántakenda, m.a. með nýjum reglum um brottfall ábyrgðar og mögulegri breytingu hluta námslána í námsstyrk að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Kostnaðarsöm vanskilainnheimta hlýtur að falla síður að hugmyndafræðinni að baki slíkum breytingum, sem ætlaðar eru til hagsbóta fyrir lántakendur.

Þar sem um er að ræða ríkissjóðsinnheimtur eða kröfur í eigu ríkisstofnunar á hendur einstaklingum hlýtur að teljast eðlilegt að ríkið sjálf standi að innheimtu þeirra – ekki síst þegar innheimta á vegum ríkisins er skuldaranum svo mikið hagstæðari. Þess skal getið að vanskilainnheimta námslána í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er í höndum sérstakra ríkisstofnana er gegna þar svipuðu hlutverki og innheimtumiðstöð sýslumannsins á Blönduósi hér á landi. Hér er því um að ræða að færa fyrirkomulag innheimtu lána á vegum hins opinbera að norrænni fyrirmynd.

Blönduósbær skorar á fjárlaganefnd að beita sér fyrir því að innheimta vegna námslána hjá LÍN fari undir sýslumanninn á Blönduósi.



Að lokum má nefna að bæði innanríkisráðuneyti og Ríkislögreglustjórinn hafa lýst því yfir að úthýsa megi fleiri verkefnum til sýslumannsbættana á landsvísu, s.s. við útgáfu leyfa.




Samgöngur

Göngubrú yfir Blöndu

Samkvæmt aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 er gert ráð fyrir göngubrú yfir Blöndu c.a. 100 metrum norðan við brúna yfir Blöndu. Göngubrú yfir Blöndu er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á Blönduósi. Á árinu 2016 var farið í yfirgripsmikla viðgerðir á Blöndubrúnni þar sem ástand hennar var orðið mjög lélegt. Steypt var nýtt yfirborð yfir hluta brúarinnar og nýtt vegrið sett upp sunnan á brúnni. Steypt gangstétt var fjarlægð sunnan á brúnni sem breikkaði hana fyrir akandi umferð um 70 cm. Þrátt fyrir þessar viðgerðir þarf að ráðast í frekari viðgerðir á brúnni norðan megin með því að steypa yfirborð brúarinnar upp á nýtt og fjarlægja gangstétt fyrir gangandi umferð sem og nýtt vegrið.

Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Blöndu í Tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árið 2015-2026 á árunum **2019-2022**.

Blönduósbær skorar á fjárlaganefndar að tryggja Vegagerðinni fjármagn til að vinna með sveitarfélaginu að þessu þjóðþrifamáli fyrir íbúa Blönduósbæjar og þeirra sem aka um þjóðveg 1.





Þjóðvegur 1 í gegnum Blönduós

Brýn þörf er að lagfæra þjóðveg 1 í gegnum Blönduós. Hringtorgið við Blönduós var byggt árið 1991 og er barn síns tíma. Hringtorgið er einbreitt og flokkast sem „lítið hringtorg“. Miðeyja hringtorgsins er 10 metrar í þvermál og hringtorgið sjálft 27-28 metra breitt. Hringtorg af þessu tagi eru ætluð fyrir safnvegi og annars flokks tengibrautir í þéttbýli. Samkvæmt hönnunarleiðbeiningum fyrir hringtorg í dreifbýli skal lágmarkspvermál miðeyju vera 30 metrar og lágmarksheildarþvermál 43 metrar. Það er því ljóst að núverandi hringtorg stenst engan veginn þær umferðarkröfur sem gerðar eru til þjóðvega í dag. Mikilvægt er að samhliða þessum breytingum verði framkvæmd greining á umferðaröryggi og umferðarmálum á þjóðveginum í gegnum Blönduós og unnið að úrbótum á veginum í samræmi við umferðarkröfur sem gerðar eru til þjóðvega í dag.

Skagastrandarvegur

Skagastrandarvegur er eina stóra samgöngubótin á Norðurlandi vestra sem kemur fram í langtímasamgönguáætlun. Þverárfjallsvegur hefur verið settur á tímabil 3 langtíma samgönguáætlunar þ.e. áætlað á árunum 2019-2022 og ekki gert ráð fyrir nema helming þess kostnaðar sem reikna má með í verkið. Með hliðsjón af markmiðum samgönguáætlunar 2011-2022 er nauðsynlegt að færa verkið framur á tímabil 2 áætlunarinnar, á árin 2015-2018.

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
64
65
66
67
68
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
91
92
93
94
95
96
97
98
99
100

Blönduósbær skorar á fjárlaganefnd að beita sér fyrir því að færa verkið fram á tímabil 2 samgönguáætlunarinnar.



Áframhald uppbygging Kvennaskólans á Blönduósi

Kvennaskólinn er í 75% eigu ríkisins og 25% í eigu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Frá árinu 2009 hefur ríkið ásamt sveitarfélögunum farið í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir á Kvennaskólanum á Blönduósi. Viðhaldsframkvæmdir eru komnar vel á veg. Samkvæmt Minjavernd eru fasteignir á lóðinni óaðskiljanlegur hluti Kvennaskólans. Um er að ræða tvö íbúðarhús (kennarabústaðir) og húsnæði sem stendur til að nýta sem vinnustofur fyrir listamenn. Þessi mannvirki eru í afar slæmu ásigkomulagi og því nauðsynlegt að ráðast í viðgerðir á þessum mannvirkjum.

Í Kvennaskólanum starfa eftirfarandi stofnanir og félag:

- Þekkingarsetrið á Blönduósi
- Textílsetur Íslands ses.
- Vinir Kvennaskólans (Umsjón með minjastofum)
- Vatnsdæluressinn
- Listamiðstöð

Þekkingarsetrið á Blönduósi var sett á laggirnar 2012 en hafði verið rekið á öðrum grunni frá árinu 2009.



Yfirmarkmið þekkingarsetursins er að fjölga háskólastörfum á svæðinu. Í dag eru 5 starfsmenn þekkingarsetursins sem samsvarar 3,75 stöðugildum. Allir starfsmenn þekkingarsetursins eru með háskólapróf, auk tveggja starfsmanna sem eru í doktorsnámi. Starfsmenn setursins eru allir búsettir á svæðinu. Jafnframt hafa verið ráðnir einstaklingar í störf í átaksverkefnum á vegum þekkingarsetursins.

Eitt af markmiðum þekkingarsetursins er að tryggja miðlun þekkingar á sérviðum þekkingarsetursins sem eru Textíll, strandmenning og laxfiskar. Stefnt er að frekari samstarfi við Listaháskólann og markmiðið er að bjóða upp á staðbundna lotukennslu á sviði textíls.

Listamiðstöðin í Kvennaskólanum er að vaxa fiskur um hrygg og fjölgar dvalarumsóknum dag frá degi. Flestar umsóknirnar eru umsóknir um dvöl yfir sumarið. Hafin er vinna við að laða að erlenda listamenn í listamiðstöðina yfir veturinn með því að bjóða upp á námskeið, listasýningar og kennslu í textílvinnu s.s. í vefa efni í vefstólum ofl. Með hliðsjón af ofangreindu er mikið umleikis í Kvennaskólanum og takmarkað rými er farið að standa starfseminni fyrir þrifum.

Alþingi samþykkti í fjárlögum fyrir árið 2015 og 2016 að veita samtals 40. mkr. styrk til 1. áfanga viðgerðar húsakosts Kvennaskólans á Blönduósi. Styrkurinn tekur til gamla skólahússins, kennarabústaða og þjónustuhúss á lóð skólans.

Nauðsynlegt er að halda áfram frekari viðhaldsframkvæmdir á mannvirkjum á Kvennaskólalóðinni til að betur fari um starfsemina sem þar er. Óskað er eftir 25 m.kr. framlagi á ári í 3 ár til að halda áfram með uppbyggingu og lagfæringar á fasteignum við Kvennaskólann. Óskað er eftir að samningi þar að lútandi.



